

Nokkur atriði úr annál íslenskra peningamála fram til stofnunar Seðlabanka Íslands

- 1778 Danskir kúrantseðlar lögfestir sem opinber gjaldmiðill á Íslandi
- 1871-1874 Með „stöðulögunum“ 1871, lögum um stöðu Íslands í ríkinu, var fjárhagur Íslands og Danmerkur skilinn að og til varð íslenskur landssjóður. Með stjórnarskránni 1874 var Alþingi veitt vald til löggjafar um hann.
- 1873 Nýtt norrænt myntkerfi. Aðildarlönd þess voru Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Breytingar frá fyrra myntkerfi voru:
- Nýr myntfótur, þ.e. gullfótur í stað silfurs
 - Nýr verðreikningur, þ.e. tugakerfi í stað tylftarkerfis
 - Nýjar mynteiningar, þ.e. króna og eyrir í stað ríkisdals og skildings. Tvær krónur komu í stað eins ríkisdals.
- 1885-1886 Með lögum frá 1885 um stofnun Landsbanka var landsstjórninni heimilað að gefa út íslenska peningaseðla í nafni landssjóðs. Fyrstu seðlarnir voru gefnir út 1886, en andvirði þeirra var stofnfé Landsbanka Íslands.
- 1902-1904 Með lögum frá 1902 var heimiluð stofnun hlutafélagsbanka og honum veittur réttur til útgáfu seðla. Eftir stofnun Íslandsbanka 1904 gaf hann út fyrstu seðla sína.
- 1918 Sambandslög. Í þeim fólst heimild til þess að Íslendingar tækju ákvörðun um útgáfu eigin myntar. Nafni landssjóðs breytt í ríkissjóð.
- 1922 Ríkissjóður gefur í fyrsta sinn út íslenska mynt. Gengi íslenskrar krónu skráð í fyrsta skipti 13. júní.
- 1925 Lög um íslenska skiptimynt (myntlög).
- 1927 Ný lög um Landsbanka Íslands. Bankanum fengið hlutverk seðlabanka og einkaréttur til seðlaútgáfu.
- 1948 Seðlaskipti 1. janúar
- 1957 Með nýjum lögum um Landsbanka Íslands er honum skipt í tvær sjálfstæðar einingar, seðlabanka og viðskiptabanka.
- 1961 Seðlabanki Íslands stofnaður og hefur starfsemi 7. apríl 1961.

Upp úr 1880 var farið að ræða á Alþingi um stofnun innlends banka, en málið strandaði í fyrstu á ágreiningi um það hvort hér skyldi stofna seðlabanka eða fasteignalánabanka. Árið 1885 náði frumvarp um stofnun Landsbanka Íslands fram að ganga og hófst starfsemi hans á miðju næsta

ári. Starfsfé bankans var lítið í fyrstu. Framlag landssjóðs til hans nam tíu þúsund krónum, en auk þess fékk bankinn til ráðstöfunar hálfa milljón króna í seðlum, sem landsstjórnin lét prenta. Voru það fyrstu peningaseðlar, sem gefnir voru út hér á landi, og ábyrgðist landssjóður jafngengi þeirra við danskan verðmiðil. Seðlarnir voru gefnir út með 5, 10 og 50 króna verðgildi og eiginhandaráritun tveggja embættismanna var á hverjum seðli.

Um aldamótin urðu miklar umræður á Alþingi um erlent tilboð um stofnun hlutafélagsbanka, en það var í byrjun bundið þeim skilyrðum, að bankinn fengi einkarétt til seðlaútgáfu í 90 ár og Landsbankinn yrði lagður niður. Um þetta urðu miklar deilur, sem lyktaði á þá leið, að einkaréttur hins nýja banka til seðlaútgáfu skyldi bundinn við 30 ár, en Landsbankinn starfa áfram og styðjast sem áður við útgáfu landssjóðsseðla. Hinn nýi banki var stofnaður í Kaupmannahöfn haustið 1903 og nefndur Íslandsbanki hf.

Fram til 1927 störfuðu þessir tveir bankar með nokkrum útibúum og áttu drjúgan þátt í að hrinda af stað þeim miklu framförum í efnahags- og atvinnumálum sem urðu á Íslandi á síðustu öld. Þeir voru í reynd viðskiptabankar.

Bankamál voru mjög til umræðu á Alþingi á árunum 1923-1928. Voru þá uppi raddir um nauðsyn þess að stofna ríkisbanka með einkarétti til seðlaútgáfu. Afstaða meirihluta þingmanna var sú að stofnun sjálfstæðs seðlabanka væri þá ekki tímabær. Úr varð eins konar málamiðlun með setningu tvennra laga um Landsbanka Íslands 1927 og 1928. Landsbankinn var þá gerður að viðskiptabanka og seðlabanka í senn og starfaði síðan um þrjátíu ára skeið í þremur deildum, sparisjóðsdeild, veðdeild og seðlabankadeild. Þegar hér var komið sögu, hafði dregið úr umsvifum Íslandsbanka. Hann hafði stuðlað að eflingu sjávarútvegs og orðið fyrir miklum áföllum. Hann var lagður niður árið 1930, en á grunni hans reis Útvegsbanki Íslands.

Á tímabilinu 1927-1957 varð eiginleg seðlabankastarfsemi Landsbanka Íslands æ viðameiri. Öll viðskipti banka, sparisjóða, ríkissjóðs og ríkisstofnana voru við seðlabankadeildina auk allra gjaldeyrisviðskipta. Á þessu tímabili komu enn fram tillögur um stofnun sjálfstæðs seðlabanka, en af þeirri nýskipan varð ekki fyrr en 1957 er Landsbankanum var skipt í tvær sjálfstæðar einingar, seðlabanka og viðskiptabanka, og var sérstök bankastjórn sett yfir hvorn hluta. Skrefið var þó ekki stigið til fulls, enda var t.d. bankaráð áfram sameiginlegt.

Fullur aðskilnaður bankanna var loks gerður með setningu laga um sjálfstæðan seðlabanka nr. 10 frá 29. mars 1961. Hlaut hann nafnið Seðlabanki Íslands og tók við öllum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands, seðlabankans. Bankinn hóf starfsemi sína 7. apríl 1961.